



Hraunvallaskóli

VINÁTTA - SAMVINNA - ÁBYRGÐ

# Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

**Dags: 26.05. 2023. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8:15-9:30.**

**Mættir:** Lars Jóhann Imsland, Ásta Björk Björnsdóttir, Guðbjörg Norðfjörð, Guðbjörg Harpa Valdimarsdóttir, Aníta Ómarsdóttir, Sara Pálmadóttir, Geirprúður Þórðardóttir, Magnús Róbertsson, Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir, Agnes Jónsdóttir og Agnes Fjeldsted.

## Dagskrá:

### 1. Agaferill SMT

Ásta Björk aðstoðarskólastjóri kynnti uppfærslu á agaferli SMT. Vinnan er langt komin en áhersla er á skýra mörk og afleiðingar. Lagt er upp með að kynna uppfærðan agaferil SMT fyrir hagsmunaaðilum í ágúst og vinna eftir honum næsta skólaár.

### 2. Símareglur

Skólastjóri fór yfir snjalltækjareglur skólans sem ná einnig yfir síma nemenda. Farið var yfir reynslu árganga á unglíngastigi og miðstigi á því að vera með símalausa daga og mánuði í vetur. Símareglur skóla sem titla sig símalausa voru einnig skoðaðar til samanburðar. Eftir umræðu lögðu allir fulltrúar til, fyrir utan fulltrúa nemenda, að Hraunvallaskóli yrði símalaus skóli næsta vetur. Skólastjóra var falið að vinna málið áfram og gera drög að nýjum snjalltækjareglum sem tækju mið að því að Hraunvallaskóli væri símalaus skóli. Lagt er upp með að byrja með nýjar reglur snemma á næsta skólaári en mikilvægt er að vinna nýjar reglur í samráði við nemendur, foreldra og starfsmenn skólans.

### 3. Foreldrasamstarf

Bekkjartenglar eru enn að skipuleggja bekkjarkvöld þó stutt sé í sumarfrí. Framundan er svo vorhátíð foreldrafélags Hraunvallaskóla sem ber yfirheitið „Velkomin á Vellina“ í ár. Skipulag hátíðarinnar gengur vel og verður hún með svipuðu sniði og í fyrra.

### 4. Mat á störfum skólaráðs

Almenn ánægja var með störf skólaráðs í vetur.

*Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland*